

AUGLÝSING

um skipulag menntamálaráðuneytisins.

Meginákvæði þau sem menntamálaráðuneytið starfar eftir eru í lögum nr. 73 frá 28. maí 1969, um Stjórnarráð Íslands og reglugerð samkvæmt þeim, nr. 96 frá 31. desember 1969.

Skipulag ráðuneytisins er í meginatriðum þannig:

Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra. Ráðherra hefur aðstoðarmann til að vinna að sérstökum verkefnum.

Ráðuneytið skiptist í þrjár skrifstofur sem skrifstofustjórar stýra undir stjórn ráðuneytisstjóra og er einn þeirra staðgengill hans. Í hverri skrifstofu starfa deildir sem deildarstjórar stýra undir stjórn skrifstofustjóra.

Verkefni skiptast milli skrifstofa á eftirfarandi hátt:

Háskóla- og menningarmálaskrifstofa.

Skrifstofan fjallar um almenn menningarmál sem heyra undir ráðuneytið og um vísinda- og háskólamálefni. Til almennra menningarmála telst m. a. stuðningur við listir og útgáfustarfsemi, safnamál, útvarps- og sjónvarpsmál, íþrótt- og æskulýðsmál, náttúruverndarmál. Einnig annast skrifstofan lögræðileg málefni, þ. á m. höfundaréttarmál, svo og barnaverndarmál og mál er varða námslán og námsstyrki. Skrifstofan fjallar um norrænt og alþjóðlegt menningarsamstarf í samvinnu við aðrar skrifstofur ráðuneytisins.

Á verksviði skrifstofunnar starfa m. a. Háskóli Íslands og aðrir skólar á háskólastigi, opinber söfn, þ. á m. almenningsbókasöfn, Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljóm-sveit Íslands, Rannsóknaráð ríkisins og ýmsar vísindastofnanir, opinberir sjóðir til stuðnings menningarstarfsemi, Náttúruverndarráð, Barnaverndarráð Íslands, Kvikmyndaeftirlit.

Skólamála- og skrifstofa.

Skrifstofan fer með öll skólamála að háskólastigi, m. a. þróunarmál, námstjórn og annað faglegt eftirlit, námskrágerð, skipulagsmál og starfsmannahald skóla. Einnig safnar skrifstofan og gefur út upplýsingar um skólastarf og gerir tillögur um aðbúnað og uppbyggingu á því sviði.

Á verksviði skrifstofunnar starfa m. a. fræðsluskrifstofur, forskólar, grunnskólar, framhaldsskólar, sérskólar, skólar fyrir börn og unglinga með sérþarfir, dagvistunarstofnanir, Námsgagnastofnun og Iðnfræðsluráð. Ennfremur fellur undir verksvið skrifstofunnar almenn fræðslustarfsemi, t. d. fullorðinsfræðsla.

Fjármála- og skrifstofa.

Skrifstofan fjallar um öll fjármál sem undir ráðuneytið heyra. Undir verksvið hennar fellur m. a.: Áætlanagerð vegna rekstrar- og stofnkostnaðar með tilliti til fjárlagagerðar, árlegar greiðslu- og framkvæmdaáætlanir, svo og langtímaáætlanir, m. a. um gerð skólmannvirkja, samningsgerð um byggingar og rekstur skóla.

Ennfremur endurskoðar skrifstofan reikninga vegna rekstrar- og stofnkostnaðar og úrskurðar þá og hefur á hendi fjárhagslegt eftirlit með rekstri stofnana er undir ráðuneytið heyra, hefur umsjón með greiðslum, bókhaldi og reikningsskilum fyrir ráðuneytið og sjóði á þess vegum og veitir upplýsingar um stöðu fjárveitinga.

Pá hefur skrifstofan ennfremur umsjón með ýmsum þjónustuverkefnum í ráðuneytinu, svo sem skjala- og símvörslu, upplýsinga- og tölvuþjónuustu, svo og almenna umsjón með eignum og tækjum í eigu ráðuneytisins.

Deildir.

Þessar deildir skulu starfa innan hvernar skrifstofu:

Háskóla- og menningarmálaskrifstofa:

Háskóla- og alþjóðadeild.
Safna- og listadeild.
Íþróttá- og æskulýðsmáladeild.

Skólamála- og menningarmálaskrifstofa:

Grunnskóladeild.
Skólaþróunardeild.
Verk- og tæknimenntunardeild.
Framhaldsskóladeild.

Fjármála- og menningarmálaskrifstofa:

Áætlana- og fjármáladeild.
Byggingadeild.
Greiðslu- og bókhaldsdeild.
Í erindisbréfum fyrir deildir og/eða deildarstjóra komi fram verkaskipting milli deilda.

Önnur atriði.

Ráðuneytið er ein heild. Hver skrifstofa hefur forræði á sínum málaflokkum eftir því sem efni standa til, en ráðuneytisstjóri annast samræmingu á starfsemi skrifstofanna og hefur yfirumsjón með þeim.

Skrifstofustjórar sjá um að vinnsla og undirbúningur verkefna og forvinna fyrir ákvarðanir sé fullnægjandi. Þeir sjá og um að koma upplýsingum til ráðherra og ráðuneytisstjóra. Gert er ráð fyrir nánu samráði milli skrifstofustjóra og deildarstjóra innan hvernar skrifstofu.

Alþjóðleg samskipti í skóla- og menningarmálum eru í höndum háskóla- og menningarmála- og menningarmálaskrifstofu, en samráð skal haft við aðrar skrifstofur ráðuneytisins eftir eðli samskiptanna hverju sinni.

Gerð námsefnis fyrir grunnskóla flyst til Námsgagnastofnunar.

Felld er úr gildi tilkynning um „Menntamálaráðuneytið, verkefni, skipulag og starfsreglur“ frá 7. maí 1971, með áorðnum breytingum.

Menntamálaráðuneytið, 28. desember 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.